

Byggingarsamþyktt

114

25. ág.

fyrir Hafnarfjörð.

1. gr.

Samþyktt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar fyrir hús og önnur mannvirki á verslunarlóðinni, þegar byggingarnefnd og bæjarstjórn mæla með því. Utan verslunarlóðarinnar getur byggingarnefndin veitt slíkar undanþágur.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafist breytinga á því, sem þegar hefir verið gert.

Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefndin úrskurðar í hvert skifti, hverjar aðgerðir skuli telja höfuðbreytingar.

3. gr.

Yfirstjórn byggingarmála er í höndum bæjarstjórnar.

Byggingarnefndin veitir öll byggingarleyfi og hefir umsjón þess að byggingarsamþykktinni sje fylgt.

Ef lóðareiganda eða húss þykir rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, getur hann skotið honum til stjórnarráðsins.

4. gr.

1. Byggingarnefnd sje skipuð sex mönnum, sem sje bæjarstjóra, er sje formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóra og fjórum mönnum öðrum, er bæjarstjórn kýs, tvo þeirra úr sínum flokki. Meðal nefndarmanna sjeu jafnan að minsta kosti tveir byggingarfróðir og einn lögfróður.

2. Nefndin velur sjer ritara úr sínum flokki og heldur sjerstaka gjörðabók yfir athafnir sínar og ályktanir; undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok.

114

25. ág. 3. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.

4. Gerðabókinni skal fylgja glögg skrá eða registur svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.

5. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll brjef, er nefndinni berast, og brjefabók.

6. Bæjarstjórn skipar byggingarfulltrúa og setur honum erindisbrjef með ráði byggingarnefndar; skal launa honum úr bæjarsjóði. Hann skal hafa á hendi framkvæmd byggingarmála og eftirlit samkv. fyrirmælum byggingarnefndar.

7. Nefndin getur gefið byggingarfulltrúa umboð til að veita upp á sitt eindæmi ýms smávægileg byggingarleyfi, sem ekki taka til burðarveggja, máttarvíða eða annara meginhluta húsa eða mannvirkja, eða raska útliti þeirra að neinum mun, alt eftir því sem nefndin kveður nánara á um. Skal byggingarfulltrúi rita úrskurð sinn á umsóknarskjalið og leggja málið svo fyrir byggingarnefnd á næsta fundi hennar og verður þeim úrskurði ekki breytt.

8. Skylt er byggingarfulltrúa að sækja fundi byggingarnefndar, þótt eigi sje hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrjett á fundum hennar, en hinsvegar á hann þar tillögurjett.

9. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sjerfræðinga í þeim málum er hana varða, en brestur sjerþekkingu á.

5. gr.

1. Byggingarnefnd skal jafnskjótt og unt er láta gera byggingar- eða skipulagsuppdrátt í ekki minni mælikvarða en 1 : 500 yfir allan kaupstaðinn. Á uppdráttinn sje mörkuð skipun húsa og annara mannvirkja, gatna, torga og auðra svæða, þá er hann er gerður og framvegis, eins og byggingarnefnd hugsar sjer hana, um ákveðið árabíl eða eftir mannfjölgun og aukningu bygðarinnar.

2. Ákveða skal eftir föngum og marka á uppdráttinn, hvar vera skuli strjálbýlt, og hvar megi vera þjettbýlt (samstæð bygging), hvar ætlaður er staður opinberum húsum, sem reist kunna að verða, íþrótt- og skemtisvæðum o. s. frv. Setja má og lágmörk og háörk húsastærðar, þar sem þurfa þykir.

Verksmiðjum og öðrum iðnaðarfyrintækjum, sem upp kunna að risa, skal ætla sjerstök svæði, eftir því sem við má koma og byggingarnefnd telur þörf á, til þess að annari bygð stafi sem minstur óskundi af þeim.

3. Breidd byggingarreita milli gatna skal svo hagað, að nægilegt rúm verði að húsabaki til birtu og annars heilnæmis, en hinsvegar ekki svo mikið, að stutt sje að byggingu húsa inni á lóðum (svonefndra bakhúsa). Skal að því stuðlað eftir megni, að hiun óbygði hluti lóða að húsabaki verði samanhagandi í hverjum reit, að eins aðgreindur með nauðsynlegum girðingum á lóðamörkum.

Hverjum byggingarreit skal skifta öllum í senn í lóðir, ef unt er. Lóðir

skulu takmarkast af beinum línunum og vera rjetthyrndar, að því er staðhættir **114**
frekast leyfa, og liggi að minsta kosti ein takmarkalínan að götu eða alfaravegi. 25. ág.

Ákvæðin í þessum lið eiga einkum við óbygð lönd, sem tekin eru til byggingar.

4. Glögg og greinileg lýsing skal jafnan fylgja skipulagsuppdraetti.

5. Þá er lokið er skipulagsuppdraetti, hvort heldur er yfir allan kaupstaðinn eða aðeins nokkurn hluta hans, er tekinn er til meðferðar í senn, skal það auglýst opinberlega og uppdrátturinn, ásamt lýsingu, hafður almenningi til sýnis á þeim tíma árs, er bæjarbúar eru flestir viðlátir, og ekki skemur en 6 vikur. Eigendum landa þeirra, sem eitthvað er hreyft við, skal jafnskjótt senda skriflega tilkynningu. Jafnframt skal auglýsa frest til athugasemda frá eigenda og almanna hálfu, eigi skemri en hálfan mánuð eftir að sýningarfresturinn er útrunninn. Þegar síðari fresturinn er á enda, skal byggingarnefnd senda uppdráttinn ásamt lýsingu, athugasemdum þeim, sem henni hafa borist um hann, og umsögn sinni til bæjarstjórnar. Bæjarstjórn ræðir þá málið og afgreiðir síðan til stjórnarráðs.

Nái uppdrátturinn staðfestingu stjórnarráðsins, hefir hann sama gildi sem samþykkt þessi.

6. Þegar skipulagsuppdráttur hefir náð staðfestingu, skal það auglýst opinberlega, og almenningi, eða að minsta kosti lóðareigendum, er hlut eiga að máli, gefinn kostur á afritum af uppdraetti og lýsingu gegn sanngjörnu endurgjaldi.

6. gr.

1. Breidd gatna skal aðallega sniðin eftir umferð þeirri, sem um þær má vænta. Götubreidd er stysta lína milli beggja götugaðra, sem myndar sama horn við þá báða.

2. Aðalgötur sjeu ekki mjórri milli götugaðra en 5,6 metra, en aðrar götur eftir því, sem byggingarnefnd telur hæfilegt, og þar sem mjög litillar umferðar er að vænta, má götubreiddin fara alt niður í 3,0 metra.

3. Gangstjett hver sje að jafnaði $\frac{1}{5}$ hluti allrar götubreiddarinnar og aldrei mjórri en 1,00 metri.

4. Hvergi má þó mjórri vera á milli húsalína en 10,00 metrar, enda þótt sjálf gatan eða vegurinn sje mjórri. Sá hluti lóðar, sem liggur milli húsalínu og götugaðars, nefnist forgarður og sje að jafnaði ekki mjórri en 2,50 metra.

5. Byggingarnefnd getur krafist þess, að forgarður sje girtur og hirtur á sómasamlegan hátt, eða gerður sem gata á kostnað eiganda og haldið þannig við.

6. Ekki má mæla út hússtæði við götu, þar sem gangstjettir vantar, fyrr en veganefnd hefir látið mæla götuna og ákveðið hæð og breidd stjettanna.

7. Til þess að torg og götur nái tilætlaðri breidd og skipulagi skal byggingarnefnd heimilt að gera lóðarnám, einnig að færa til hús, þegar höfuðaðgerð fer fram á þeim, hvorttveggja gegn endurgjaldi úr bæjarsjóði, eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

114 Skerðist lóð við slíkt lóðarnám svo mikið, að hún verður ekki notuð til
 25. ág. hússtæðis, má eigandi krefjast þess, að bæjarsjóður kaupi alla lóðina eftir mati dómkvaddra manna.

Lóðareigandi eða húss getur krafist yfirmats, ef honum þykir ástæða til, en ber sjálfur kostnað þann, er þar af flýtur, nema matið hækki.

7. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að komið sje upp og haldið við sæmi-
 legri girðingu um lóðir og óbygð lönd þeim megin sem að götu veit eða vegi
 innan þess svæðis, sem samþykktin nær yfir. Nefndin ákveður, hvar og hvernig
 girðing skuli sett.

Gaddavir má hvergi nota fram með götu eða vegi, og þar sem gaddavir
 er nú á slíkum stöðum, skal nema hann burtu og setja aðra girðingu, sem bygg-
 ingarnefnd samþykkir, innan árs frá þeim degi, er samþykkt þessi öðlast gildi.
 Ekki má setja steingarða úr óhöggnu eða ósettu grjóti fram með götu eða vegi.

8. gr.

Nú myndar hús eða annað mannvirki, sem tekur meira en 1,00 metra
 yfir gangstjett eða götu, hvassara horn en 135° við götu, veg eða torg, og skal
 þá sneiða hornið. Sniðið sje eigi minna en 2,00 metrar og myndi jafnstór horn
 við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumynduð, ef bungan tekur
 á miðju ekki meira fram úr fyrgreindum sniðfleti en 0,40 metra.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar bygging-
 arlag hússins eða mannvirkisins mælir með því, eða önnur ástæða er til.

9. gr.

Á öll hús, sem framvegis eru reist í bænum, skal setja þakrennur með
 veggrennum svo löngum, að op þeirra sje í mesta lagi 0,16 metra fyrir ofan
 gangstjett eða göturæsi. Sje holræsi í götunni, skal þakvatni veitt í það neðan-
 jarðar, nema byggingarnefnd geri aðra skipan.

Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur byggingar-
 nefnd krafist þess, að settar sjeu þak- og veggrennur á hús, sem reist eru áður
 en samþykkt þessi gengur í gildi.

10. gr.

Inngöngurið og birtugrófir mega ná alt að 0,50 metra út yfir götujaðarinn,
 ef eftir er eigi minna en 1,50 metra ótept af stjettinni. Ef stjettin er eigi svo
 breið, getur byggingarnefnd þó leyft eitt þrep alt að 0,26 metra breitt og 0,18
 metra hátt. Nema skal hornin af neðsta þrepi í inngönguriði frá götu.

Þar sem gangrið liggja frá götu niður í kjallara, skal vera traust handrið
 sljett og úr málmni eða vel stroknum viði á báðar hendur við þau, ekki lægra
 en 0,75 metra.

Yfir birtugrófir skal setja málmgrindur jafnháar gangstjettinni og nægi- **114**
lega sterkar. Að öðrum kosti skal setja kringum birtugrófir sljett málmhandrið **25. ág.**
ekki lægri en 0,75 metra, og svo gerð, að börnum sje ekki hætt við að detta í
birtugrófina.

11. gr.

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að gera framskot útúr framhlið húsa
út fyrir húsalinuna eða götubaðarinn. Framskotin geta verið bæði opin og lokuð
(veggswalir, útskotsgluggar o. s. frv.). Hvergi má þó vera skemmra af stjett eða
stíg upp undir slík framskot en 3,00 metrar.

Ekkert framskot má taka meira út yfir götubaðar eða húsalinu en sam-
svári $\frac{1}{15}$ af allri götubreiddinni milli húsalinu og ekki meira en 1,00 metra. Þar
sem svo hagar til, að ekki verður bygt nema öðrum megin götunnar, getur bygg-
ingarnefndin leyft alt að 1,25 metra framskot. Slíkt hið sama má leyfa á húsum,
sem reist eru innan húsalinunnar, en þó má framskotið ekki taka meira fram
frá húshlið en nemi helmingi bilsins milli húshliðar og húsalinu, þótt það bil eigi
að vera aðgreint frá almannafæri sem garður eða þvímlikt.

Lokuð útskot mega hvert um sig ekki breiðari vera að utanmáli en 3,00
metrar og samtals ekki taka meira en þriðjung af lengd húshliðar. Án sjerstaks
leyfis byggingarnefndar má ekki skemmra vera á milli tveggja lokaðra útskota
en samanlögð breidd þeirra nemur, mælt að utanverðu, nje heldur mega þau
ganga gegnum fleiri en tvær hæðir.

Framskot má ekki koma nær nágrannamörkum en svo, að í minsta lagi
sje eftir þriðjung meira en framskotið tekur fram frá veggnum.

Gólf í opnum framskotum (veggsvölum) skulu vera þjett og vatni veitt
burt frá þeim í rennum sem frá þökum.

Framskot sjeu hvergi eldfimari að gerð en húsín, sem þau eru á, og skulu
þau að því leyti einkanlega háð sjerstökum fyrirmælum byggingarnefndar í hvert
skifti, sem og að styrkleika og útliti.

Undirstöðustallar, súlur og önnur framskot til skrauts mega ná alt að
0,20 metra fram frá húsalinu, ef eftir er að minsta kosti 1,50 metra ótept af
gangstjettinni.

Glugga má ekki opna út á götu nema undir þá sje að minsta kosti 2,00
metra af gangstjett eða götu.

Hinsvegar má byggingarnefnd krefjast þess, að á opinberum eða almenn-
um samkomuhúsum sjeu nægilega víðar og margar útgöngudyr og að hurðir þeirra
falli út, enda þannig um búíð, að umferð stafi enginn háski eða hindrun af.

1. Hver sá, er breyta vill húsi, reisa nýtt hús eða gera önnur mannvirki á lóð sinni, skal senda byggingarnefnd skriflega beiðni um það, og sje beiðnin tvirituð. Beiðninni skulu fylgja í tvennum eintökum:

a, uppdrættir í ekki minni mælikvarða en 1:100 með árituðum stærðamálum, svo greinilegir, að glögglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og kanna að það sje að öllu svo sem vera ber. Einkum skal á húsauppdráttum greina þykt veggja og gildleik og fyrirkomulag gólfviða og annara mættarviða.

b, lóðaruppdrættir í ekki minni mælikvarða en 1:200 með árituðum stærðamálum, er sýni lögun og stærð lóðarinnar, mannvirki þau, er fyrir kunna að vera á henni og það eða þau er gera skal, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skulu rituð á uppdráttinn.

Byggingarnefnd getur leyft minni mælikvarða á lóðaruppdráttum en hjer var talinn, þegar um mjög stórar lóðir er að ræða;

c, lýsing á mannvirki því, er um ræðir, lóðinni og ásigkomulagi grundvallar, og ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerða breytingu á húsi, sem fyrir er, hvernig ætlast er til að hagað verði afrenslí frá húsi og lóð, og vegi að húsínu, ef það stendur ekki við götu;

d, þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð eru frábrugðnir almennri venju eða verða að vera það sökum áreynslu eða annara orsaka, skal sýna á sjeruppdráttum, ef byggingarnefnd krefst, og í ekki minni mælikvarða en 1:25; skal fylgja glögg lýsing og styrkleikareikningur látinn í tje, ef óskað er.

Á uppdráttum sje jafnan skráð stærðarhlutfall þeirra við virkileika, og fylgi hverju h'utfalli mælikvarði með skiftingu eftir metramáli. Byggingarnefnd getur mælt fyrir um þau stærðahlutföll, er hún vill leyfa á uppdráttum.

Þegar svo ber undir, að byggingarnefnd telur óþarft að krefjast svo ítarlegra skjala, sem hjer hefir verið gert ráð fyrir, getur hún veitt ívilnanir um það.

2. Sá maður skal undirskrifa alla uppdrættina, sem ábyrgð ber á því, að mannvirkið samkvæmt þeim verði að öllu löglegt, enda sje hann um það bær að dómi byggingarnefndar. Ber hann einuig ábyrgð á því, að smíðin verði uppdráttunum samkvæm og að öllu svo sem vera ber, nema svo sje, að sú ábyrgð hvíli á öðrum manni, og skal það þá tekið fram og nafn þess manns getið í beiðninni.

3. Eftir að byggingarnefnd hefir kynt sjer umsóknina og íhugað, leggur hún annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafni sínu, en endursendir beiðanda hitt eintakið með árituðum úrskurði sínum, að jafnaði innan hálfis mánaðar frá því, er hún tók á móti beiðninni. Sje beiðninni neitað eða breytingar gerðar að samþyktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Ekkert byggingarleyfi má veita, nema því að eins að umsjón verksins

og ábyrgð sje í höndum manns, sem byggingarnefndin telur til þess færan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika. 114
25. ág.

4. Ekki má byrja á nýrri byggingu eða gera breytingu á eldri byggingu nje heldur í neinu vikja frá samþykktum uppdráttum, fyr en fengið er til þess leyfi byggingarnefndar.

5. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum, meðan á smíðinni stendur, og byggingarnefnd og einstökum mönnum hennar jafnan heimill aðgangur að því og byggingunni, meðan hún er í smíðum.

6. Byggingarnefnd skal krefjast þess, að byggingarefni öll, verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíð og mannvirkja sje traust og í góðu lagi, svo að ekki valdi slysum eða tjóni, og skal nefndinni heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef ekki fæst trygt með öðru móti, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

7. Húseigandi skal tilkynna byggingarnefnd með tveggja daga fyrirvara:

- a, hvenær byrjað er á undirstöðum eða breytingum á þeim,
- b, hvenær rakavarnarlög eru lögð í vegg,
- c, hvenær þak er reist á steinhúsi eða grind timburhúss, og
- d, hvenær gólf eru lögð á bita.

8. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan tveggja ára.

13. gr.

Ekki má taka neitt hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingarnefndar um að það fullnægi kröfum byggingarsamþykktarinnar.

14. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að húsum sje haldið sæmilega við og á þann veg, að þau sjeu að áliti nefndarinnar ekki til sjerlegra lýta. Þó verður ekki útlits vegna krafist umbóta, sem raska burðarveggjum, máttarviðum eða meginhlutum húss, nema þeir sjeu svo á sig komnir, að húsinu stafi hætta af.

15. gr.

1. a. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbygð lóð og fer stærð hennar eftir hæð hússins, þannig að hún má ekki minni vera en hjer segir:

Húsi með íbúð á 1—2 hæðum fylgi óbygð lóð $1 \times$ hússtæðið.

Húsi með íbúð á 2 hæðum fylgi óbygð lóð $1\frac{1}{4} \times$ hússtæðið.

Húsi með íbúð á 4 hæðum fylgi óbygð lóð $1\frac{1}{2} \times$ hússtæðið.

b. Kjallari og þakhæð telst hvort um sig íbúðarhæð, ef fleiri íbúðarherbergi en eitt eru á hvorum stað.

114

25. ág.

- c. Byggingarnefnd má veita nokkra ívilnun í þessum ákvæðum:
 - α, þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun,
 - β, um lóðir, sem áður eru bygðar og liggja að tveim götum eða ná ekki lengra inn frá húsalinu en 15 metra.
- d. Þó má hússtæðið aldrei nema meiru en $\frac{2}{3}$ hlutum lóðarinnar.
- e. Ekki má gera þak yfir óbygða lóð, sem fylgja skal hverju íbúðarhúsi.
2. Gluggi eða gluggar íbúðarherbergis, vinnustofu eða eldhúss mega ekki vera nær öðru húsi andspænis en vegghæð þess húss er fyrir ofan gólf herbergis þess, er um ræðir. Á gaffveggjum og bustum má taka meðalhæð. Auk slíkra glugga getur byggingarnefnd leyft aðra glugga á sama herberginu. Þó mega gluggar, er vita að annars manns lóð, ekki vera skemmra frá mörkum en 3,15 metra.
3. Ekki má hækka gömul hús, ef hækkunin mundi hafa í för með sjer, að auð bil útundan gluggum yrðu að tiltölu minni en í 2. lið er krafist, eða óbygð lóð minni en tiltekið er í 1. lið.
4. Greiður gangur skal vera fyrir slökkvitól að þeim hluta lóðar hvers húss, er liggur að húsabaki; ákveður byggingarnefnd í hvert skifti, hvernig inn-gangi á lóðina skuli hagað, og getur hún krafist þess, að hann sje hvergi mjórri en 1,90 metra, nje lægri en 2,50 metrar.

16. gr.

1. Vegghæð húsa skal mæla frá gangstjett eða götu upp í skurðarlínu þak- og veggflatar að utanverðu. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næstar liggja húsinu á báðar hendur, eða við jarðarflöt við húsið, sem ekki er lægri en þessi lína. Þar sem þessi ákvæði ná ekki til, eða eiga ekki við, kveður byggingarnefnd á um það, hversu mæla skuli. Undirstöðuhæð húsa skal miða á sama hátt og nú var sagt.
2. a. Hæð húsa er fyrst og fremst háð þeim takmörkunum, sem byggingarnefnd setur í hvert skifti eftir slökkvitólum þeim og björgunartækjum, sem fyrir hendi eru, og eldshættu þeirri, er hún telur byggingarlagi hússins, efni þess og notkun samfara.
- b. Vegghæð húss má ekki meiri vera en breidd götunnar milli húsalína. Þetta ákvæði nær ekki til húsa sem standa við torg eða andspænis opnu svæði. Ef gata hallast fram með húsi, skal tekin meðalhæð. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni jafnlangt frá horni (skurðarpunkti húsalinanna) og breidd mjórri götunnar nemur á gatnamótunum, en þó því aðeins, að ekki riði í bága við ákvæðin í 15. gr., 2. lið.
- c. Ef hús er reist inni á lóð, má miða húshæðina við götubreiddina að viðlögðu hinu auða svæði milli húss og götugaðars, en þá telst það svæði ekki til þeirrar óbygðrar lóðar, er fylgja ber húsinu (15. gr. 1.).
3. Þar sem hvorki götubreidd nje aðrar ástæður eru til fyrirstöðu, má hæð húsa vera svo sem hjer segir:

a. Hús úr steini eða steinsteypu, sem innan eru klædd steinlímshúð eða **114**
öðru efni ekki óeldtryggara, samfelt á veggjum og lofti í hverju herbergi og **25. ág.**
gangi í húsinu, mega vera að vegg hæð alt að 12,00 metrum. Í þeim má vera
ibúð á þrem hæðum og auk þess annaðhvort í þakhæð eða í kjallara, ef ekki
mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir utan skurðar-
línu þak- og veggflatar, nje heldur meira en 1,25 metrum fyrir neðan hana.

b. Ofan á eina hæð úr steini eða steinsteypu má reisa tvílofta timbur-
hús með alt að 10,00 metra vegg hæð frá gangstjett eða götu. Í slíku húsi má
vera ibúð á þrem hæðum alls (en ekki í þakhæðinni), ef stigar eru eldtraustir í
neðstu hæð og annaðhvort eldtraust loft yfir henni eða húsið alt klætt innan
steinlímshúð eða öðru ekki eldfimara efni á sama hátt sem fyrir er mælt í næsta
lið hjer á undan.

c. Önnur timburhús mega vera að vegg hæð alt að 9,00 metrum frá
gangstjett eða götu og í þeim ibúð aðeins á tveim gólfum. Þó má gera ibúð í
kjallara slíkra húsa, ef svo er umbúið gegn eldshættu, sem ákveðið er í tveim
næstu liðum hjer á undan, og kjallarin fullnægir að öðru leyti kröfum bygging-
arsampykta. Í timburhúsi, sem stendur eitt sjer og að verður komist utan á
alla vegu, má byggingarnefnd leyfa ibúð á tveim hæðum og auk þess í þakhæð,
ef engar vistarverur eru í kjallaranum og svo tryggilega gengið frá húsinu, sem
nefndin telur nægja.

d. Hæð húsa, sem eldfimari eru eða ótraustari en hjer hefir verið lýst,
ákveður byggingarnefnd.

e. Leyfa má brjóstþil innan á veggjum allra húsa, og sömuleiðis vegg-
fóður, sje það ekki á huldu.

4. Rishalli á þökum þeirra húsa, sem byggð eru eins há að veggjum og
frekast er leyfilegt eftir 2. og 3. lið þessarar greinar, má ekki meiri vera en
nemi 45° horni við lárjettan flöt. Sje þak brattara, skal húsið vera þeim mun
vegglaegra eða bygt sem því svarar fyrir innan húsalínu.

5. Byggingarnefnd getur veitt sjerstakt leyfi til að byggja hærri turna,
kvisti, gafla og þesskonar til skrauts. Þó má samanlögð breidd þesskonar út-
bygginga ekki nema meiru en $\frac{2}{5}$ hlutum af lengd þeirrar húshliðar, sem þær
eru á. Ekki má skemmra vera á milli tveggja slíkra útbygginga en nemi helm-
ingi af samanlagðri breidd þeirra. Gluggakvistir mega ekki nær koma nágranna-
mörkum en breidd þeirra nemur eða hæð og ekki nær en 1,50 metra og sjeu á
þá hlið, er að granna veit, alklæddir óeldfimu efni, er byggingarnefnd samþykk-
ir. Að öðrum kosti sje eldvarnarveggur á þann veg er veit að nágrannalóð. —
Stærri kvistir mega ekki án eldvarnarveggjar koma nær lóðarmörkum en 3,15 m.

Gluggar á þökum, kvistum og öðrum þakútbyggingum eru bæði gagn-
vart öðrum húsum og nágrannamörkum háðir ákvæðunum í 15. gr. 2.

17. gr.

1. Við hús, sem reist er nær lóðartakmörkum en 3,15 metra, skal gera
eldvarnarvegg út að nágrannalóð. Sje hús á nágrannalóðinni nær lóðarmörkum

114 en 3,15 metra og án eldvarnarveggjar, skal gera eldvarnarvegg við hið nýja hús, ef það er sett nær nágrannahúsinu en 6,30 metra, nema eigandi nágrannahússins hafi áður skuldbundið sig til að gera eldvarnarvegg, þegar þess yrði krafist, og skal þann þá gera slíkan vegg.

2. Við hús, sem nú stendur nær lóðarmörkum en 3,15 metra eða nær húsi nágranna en 6,30 metra og er án eldvarnarveggjar, skal gera slíkan vegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því.

3. Eigi má skifta húseign, nema hver hluti fullnægi kröfum þessarar samþyktar um sjerstakar húseignir.

4. Eldvarnarveggi skal gera úr grjóti og steimlími eða úr steinsteypu. Þeir skulu ná 0,16 metra upp fyrir þakið og hvergi þynnri vera en 0,185 metra, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykt þeirra í hvert skifti. Á þeim mega hvorki vera gluggar nje önnur op.

5. Eldvarnarveggur skal vera áfastur við hús og má hann vera sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur báðum húsunum og tekur 0,16 metra upp fyrir þak hærra hússins.

6. Þaki má ekki hal'a að eldvarnarvegg, nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.

7. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal það trygt með þinglesinni skuldbindingu, að hvorugur eigenda geti tekið vegginn, meðan annaðhvort húsið stendur.

18. gr.

1. Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan botn og ekki skemmra en 1,00 metra í jörð niður, þar sem föst klöpp er ekki ofar, og undirstöður annara veggja að sama skapi. Undirstöður íbúðarhúsa og allra þeirra húsa, sem tvílofta eru eða hærri, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím (sement- eða kalklím) eða gera þær úr steinsteypu, alla leið frá föstum botni undir steinhúsum, en þúkka má undir undirstöður timburhúsa, þó ekki ofar en svo, að eftir sje í jörð að minsta kosti 0,65 metrar af undirstöðunum. Byggingarnefnd getur og leyft þúkk undir litlum og lágum steinhúsum eða þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, en hins vegar trygging þess, að óhult sje. Þó skulu undirstöður steinhúsa aldrei ná skemmra í jörð en 1,00 metra, nema föst klöpp sje ofar.

2. Rakavarnarlög skal leggja í undirstöður allra húsa. Þar sem kjallari er gerður skulu lögin vera tvö. Skal hið neðra lagt í alla kjallaraveggi 5—10 sentimetrum fyrir ofan kjallaragólf, en hið efra í útveggi 10—20 sentimetrum fyrir ofan jarðarflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikadír utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka. Þar sem enginn er kjallari nægir eitt rakavarnarlag og má það koma ofan á undirstöðurnar, en ávalt neðan allra gólfviða.

Rakavarnarlag skal gera úr sementi og sandi til helminga, og sje 1—2

sentimetra þykt eftir staðháttum, og þar á jarðbik, þakhellur í sementi eða annað vatnshelt efni, sem byggingarnefnd samþykkir. 114
25. ág.

3. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, þegar um skúra eða litil útihús er að ræða.

19. gr.

1. Veggir steinhúsa sjeu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir íbúðarhúsa ofan kjallara og einnig í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr steypu vel þjetttri og ekki veikari að blöndun en 1:4:7 (þ. e. 1 hluta sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvorstveggja). Aðra veggi og undirstöður má gera úr steypu 1:4:8.

Drýgja má steypu í undirstöðum og kjöllurum með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu, þegar veggþykktin er ekki undir 0,35 metra; þó má enginn steinn á neinn veg stærri vera en nemi alt að helmingi veggþyktarinnar og ekki yfir 0,20 metra. Alstaðar sje smágerðari steypa á milli steinanna og utan að þeim og steypan að öðru leyti svo sterk, að í minsta lagi komi 1 hl. sements á móti 15 hl. sands, mulnings (eða malar) og grjóts samtals, og grjótið ekki yfir 40% steypunnar, án samþykkis byggingarnefndar og byggingarfulltrúa.

Öll steypuefni og hleðslu sjeu sterk, hrein og ófúin og að öllu óskemd og úr þeim hreinsuð öll lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sjeu ekki stórgerðari en svo, að stærstu molar fari greiðlega gegnum 6 sentimetra víðan hring.

2. Þykt veggja, sem gerðir eru úr ekki veikari efni en steynsteypu 1:4:8, skal vera sem hjer segir:

a. Þykt hliðveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir (bera þak- og loftþunga), skal í einlofta húsum eða á efri eða efstu hæð í hærri húsum miða við breidd hússins frá ytri brún útveggjarins inn í miðjan næsta burðarvegg — er þessi breidd hjer kölluð B — og veggghæðina frá gólfi og upp undir þak (á efri brún syllu), og er sú hæð hjer táknuð með H. Skal veggjarþykktin í minsta lagi vera $\frac{1}{25} B + \frac{1}{50} H$.

Ef húsið er portbyggt skal samt sem áður mæla veggghæðina frá gólfi alla leið upp á syllu, en hinsvegar þarf sá hluti veggjarins, sem er fyrir ofan loft (þ. e. portveggurinn), ekki þykkari að vera en 0,23 metra, þó að veggurinn eigi annars að hafa meiri þykt, nema aðrar ástæður komi til greina.

Ef enginn er burðarveggurinn milli útveggja, en þungi þaks og lofts hvílir eingöngu á útveggjunum, skal breiddin B vera öll breidd hússins utanmáls.

Ef húsið er marglofta, skal auka þykt hliðveggja á næstu hæð í minsta lagi um $\frac{1}{50}$ hluta hæðarinnar — mælt af gólfi á gólf — og þannig koll af kolli fyrir hverja hæð að kjallara meðtöldum.

Hjer sem alstaðar annarstaðar í samþykkt þessari, er hæð í húsi talin af gólfi á gólf, ef ekki er annars getið sjerstaklega.

114 Þverveggir úr sama efni og hliðveggir og sambygðir þeim sjeu ekki strjalli
25. ág. en svo, að einn komi að minsta kosti á hverja 10,00 metra í lengd hliðveggjar.

b. Gafiveggir, sem að eins bera sinn eigin þunga, en á eru glugga- eða dyratóttir, mega vera 0,23 metra þykkir ofan efsta lofts (þ. e. í þakhæð) og í næstu hæð þar fyrir neðan, en þykni úr því á hverri hæð í minsta lagi um $\frac{1}{100}$ hæðarinnar og ekki minna en 0,03 metra, og í kjallara sjeu þeir ekki þynnri en 0,32 metra.

Gluggalausir gafiveggir mega vera 0,23 metra þykkir bæði í þakhæð og tveim næstu hæðunum þar fyrir neðan, þykni þá um $\frac{1}{100}$ hæðarinnar og ekki minna en 0,03 metra, en sjeu í kjallara ekki þynnri enn 0,32 metra.

Í stórum húsum, þar sem hæðir fara fram úr 3,50 metra eða herbergja-dýptir fram úr 6,00 metrum, getur byggingarnefnd aukið þykt gafiveggja um fram það sem hjer var talið, eftir því sem henni virðist nauðsyn til bera.

Gafiveggir skulu vandlega bundnir í þak- og gólfviði (sbr. 21. og 22. gr.) og studdir þakstól, ef þeir eru hærri en 4 metra ofan efsta lofts.

c. Byggingarnefnd getur leyft, að aðrir útveggir en hjer hafa taldir verið, svo sem útveggir stigahúsa og aðrir svipaðir veggir, sem stuttir eru milli þverveggja úr sama efni og bera lítið eða ekkert annað en sinn egin þunga, megi vera að þykt jafnir gafiveggjum.

d. Enginn útveggur má þó þynnri vera ofan jarðar en 0,23 metra, nje í jörð þynnri en 0,32 metra. Hinsvegar getur byggingarnefnd leyft, að veggjarþrep undir gluggum en ofan gólfs sje alstaðar ofan kjallara 0,23 metra þykk, þó að veggir sjeu annarstaðar þykkari, ef innan við þrepið er sett hitunarfæri eða skjólveggur. Í kjallara mega veggjarþrep undir gluggum ekki þynnri vera en 0,32 metra.

e. Innan við útveggi íbúðarherbergja, sem hlaðnir eru eða steypdir þynnri en 0,32 metra, skal setja skjólvegg úr steini eða steypu, úr steinlimshúð á trje og reyr eða listum eða járnneti, úr timbri og veggfóðri eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd samþykkir. Loftrúm sje á milli útveggjar og skjólveggjar, og ákveður byggingarnefnd breidd þess, er ekki sje minni en 3,2 centimetrar.

f. Útveggi úr steini eða steypu, skal sljetta utan með sementshúð ofan jarðar og hafa vatnsvarnarefni í húðinni, eða verja þá á annan veg tryggilega gegn vætu utan að.

g. Burðarveggir innanhúss sjeu í hverri hæð jafnir að þykt $\frac{1}{3}$ af samanlagðri þykt beggja hliðveggja þeirrar hæðar, eins og hún er ákveðin hjer að framan, undir staflíð a í þessari grein.

Ef burðarveggirnir eru tveir samhliða, skal hvor um sig vera að þykt jafn $\frac{2}{3}$ af þykt þess hliðveggjar, sem honum er næstur. Ef ekki er stigahús á milli þeirra eða breiðara bil en nemi $\frac{1}{5}$ af allri breidd hússins innanmáls, getur byggingarnefnd veitt nokkra ívilnun í þessu ákvæði.

Ef breiðara er milli samhliða burðarveggja en nemi $\frac{1}{3}$ af allri húsbreiddinni innanmáls, getur byggingarnefnd aukið þykt þeirra að því skapi eða eftir því sem henni virðist þörf á.

Þykt burðarveggja ofan efsta lofts ákveður byggingarnefnd í hvert skifti. **114**
Þó mega burðarveggir hvergi þynnri vera en 0,16 metra. 25. ág.

Ef burðarveggir hafa að dómi byggingarnefndar ónógan stuðning af þverveggjum eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur byggingarnefnd aukið veggþyktina eftir því sem henni virðist nauðsyn á.

h. Veggir stigahúsa, sem hvorki eru burðarveggir nje tveir stigar liggja að, skulu í þakhæð og næstu hæð vera í minsta lagi 0,13 metra þykkir, og síðan ekki þynnri en 0,16 metra, en í kjallara að minsta kosti 0,03 metra þykkari en á neðstu hæð. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig, að veggirnir bera stigana, skulu hafa nauðsynlega þykt til þess og ekki minni en 0,23 metra (sbr. 26. gr. 2.). Stigahúsveggir, sem tveir stigar liggja að, skulu ekki veikari vera en burðarveggir.

i. Aðrir innveggir úr steinsteypu, sem að eins bera sinn eigin þunga, skulu hvergi ofan kjallara þynnri vera en 0,13 metra, en í kjallara sjeu þeir ekki minna en 0,02 metra þykkari en í neðstu hæð.

Ef slíkir innveggir eru gerðir úr timbri, skulu þeir milli íbúðarherbergja vera tvíbyrtir (20. gr. d.) og auk þess með steinlimshúð eða jafneldtryggu lagi báðum megin.

j. Innveggi þá, sem um getur undir staflidunum h og í hjer að framan, mega bitar á engan hátt skerða, fara í gegnum þá eða hvíla á þeim, nema með sjerstöku leyfi og eftirliti byggingarnefndar, og þar sem þeir fara í gegnum bitalögin, skulu bitar lagðir upp að þeim að endilöngu báðum megin, og þar sem slíkur veggur endar að ofanverðu, skal eins að farið. Þó má þar einnig leggja bita ofan á slíkan vegg endilangan. Sama máli er að gegna, þar sem slíkur veggur kemur að þakviðum. Byggingarnefnd getur leyft að leggja bitaenda í stigapöllum í stigahúsvegg.

Í stórum húsum, þar sem dýpt herbergja er 5—6 metrar eða meira, eða hæðir yfir 3,5 metra, getur byggingarnefnd aukið þykt þessara veggja eftir því sem þörf krefur, og eins þar sem á þá eru settar dyr mjög stórar eða mjög þjett, eða aðrar ástæður heimta.

k. Framanskráð ákvæði þessarar greinar um þykt veggja úr steini eða steypu eru miðaðar við það, að samanlögð breidd glugga- og dyratóttar nemi ekki í neinum vegg meiru en helmingi af allri lengd veggjarins, að engin einstök gluggatótt eða dyra sje breiðari en 1,70 metra og að enginn veggjarstöpull sje mjórri en nemi $\frac{1}{3}$ af samanlagðri breidd beggja tóttanna báðum megin við hann, nje á neinn veg þynnri en samsvari $\frac{1}{8}$ af hæð hans. Yfir glugga- og dyratóttum sjeu veggir nægilega styrktir járnum.

Byggingarnefnd getur þó leyft, að glugga- og dyratóttir sjeu stærri eða taki meira veggjarrúm og stöplar sjeu mjórri, heldur en hjer var sagt, gegn því að styrkleikur veggjanna sje þá á annan veg aukinn að því skapi eða svo sem þörf krefur.

l. Byggingarnefnd ákveður, að hve miklu leyti hlaðnir veggir úr högg-

114 um grásteini, tígulsteini eða öðrum steini megi hlíta sömu ákvæðum sem stein-
25. ág. steypuveggir og hvert styrkleikahlutfall skuli vera á milli þeirra.

m. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggjaþyktir en ákveðnar eru í þessari grein, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir (gesims), vegglægjur úr trje lagðar í vegg undir bita eða annað gert, sem eykur mjög áreynslu á veggina eða rýrir stæðileik þeirra.

n. Ef þykt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, svo sem byggingarnefnd telur þurfa.

o. Veggir úr járnbentri steinsteypu eða annari steypu sterkari og þjettari, en hjer hefir verið miðað við, getur byggingarnefnd leyft að gera þynnri en þessi grein ákveður um ójárnbenta steypu, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sjerfróðs manns í þeim efnun og að dómi nefndarinnar fulltrygg.

3. Ekki má múra eða steypa húsveggi eða undirstöður, ef frost er 2° C. eða meira.

Byggingarnefnd getur bannað að gera steinlímshúð utan á hús 5 köldustu vetrarmánuðina.

20. gr.

1. Undirstöður og kjallaraveggi timburhúsa, skal gera á sama hátt og í steinhúsum. Þeir sjeu að þykt ekki undir 0,32 metra útveggir, en burðarveggir innanhúss í litlum húsum, sem ekki eru yfir 80 fermetra að flatarmáli, 0,20 metra, í stærri húsum ekki undir 0,23 metra.

Þar sem gerð er ein hæð úr steini eða steinsteypu undir tvílofta timburhús (16. gr. 3, b.), skulu veggjaþyktir í þeirri hæð vera sem á neðri hæð í tvílofta steinhúsi, er væri jafnstórt að ummáli, og efri hæðin jafnhá hálfri veggghæð timburhússins ofan steinhæðarinnar.

2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemt.

a. Í timburhúsum, þar sem lofthæðin er alt að 3,00 metrum og herbergjadýptin alt að 4,50 metra, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10×10 sentimetra ($4'' \times 4''$), á neðri hæð 10×13 sentim. ($4'' \times 5''$) og hornstafir 13×13 sentim. ($5'' \times 5''$). Sje hæðin meiri, alt að 4,00 metrum, og herbergjadýptin alt að 5,50 metra, skal þykt stafanna út og inn aukin að minsta kosti um $2\frac{1}{2}$ sentimetra ($1''$). Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleika stafanna.

Byggingarnefnd má leyfa, að í smáum húsum, 80 fermetra að flatarmáli eða minni, sje stafþyktin út og inn 10 sentim. ($4''$) bæði uppi og niðri.

Stafirnir sjeu ekki strjálí en svo, að í minsta lagi komi einn stafur á hverja 1,20 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og ekki má neinstaðar vera lengra á milli þeirra en 1,60 metra, nema byggingarnefnd leyfi sjerstaklega.

Milli allra stafa sjeu spyrnur («lausholt») og í hverjum vegg eigi minna en tvær skorður («skástifur»). Skorður myndi eigi minna horn en 30° við lóðbeina línu. Skorður sjeu ekki grennri en stafir.

Staflægjur (»reimstykki«) og syllur sje á hvorugan veg grennri en stafir **114**
eru út og inn, sem undir þeim standa. 25. ág.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaenda leggja aurstokk á grunn, ekki grennri en stafir eru í veggnum; byggingarnefnd getur þó leyft, að aurstokkur sje ekki gildari en 13×13 sentim., þó að stafir í veggnum sjeu gildari Ofan á bituenda komi undirstokkur, jafnbreiður stöfum og eigi þynnri en $6\frac{1}{2}$ sentimetra ($2\frac{1}{2}$). Niður undan stöfum skal fella trje á milli aurstokks og undirstokks.

Stafi skal festa saman um hæðamót og á neðri hæð við aurstokk með sterkum járnlóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum, er sjeu að minsta kosti $2\frac{1}{2}$ sentimetra (1 þumlungs) þykk, og skal negla þau vandlega í alla viði veggjarins.

Utan á þilið skal koma pappi og síðan bárujárni, en $1\frac{1}{2}$ sentimetra ($\frac{1}{2}$ þuml.) þykkir listar á milli járn og pappa. Bárujárni á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, er vita út að torgum eða öðrum auðum svæðum.

Innan á grindina skal koma pappi og plægt þil eða annað lag ekki lakara.

c. Grind í burðarveggjum innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en 10×10 sentimetra ($4'' \times 4''$) á neðri hæð og 8×10 sentim. ($3'' \times 4''$) þar fyrir ofan. Á efri hæð í smáum húsum, ekki yfir 80 fermetra að flatarmáli, má þó leyfa 8×8 sentimetra ($3'' \times 3''$) grindarviði í burðarveggjum, og 8×10 sentim. ($3'' \times 4''$) á neðri hæð. Í stórum húsum (sjá stafl. a 1. málsg.) getur byggingarnefnd krafist gildari víða í burðarveggjum en hjer var ákveðið, þegar henni virðist ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu reglur sem um útveggi, að því er snertir undirstokka, stafi, skordur, spyrnur og staflægjur.

d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr plægðum borðum eða annað lag ekki lakara sje hvorum megin og $3,2$ sentimetra ($1\frac{1}{4}''$) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigi liggur upp að, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleika. Vegg, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvænan burðarvegg (sbr. 19. gr. h.).

e. Í útihúsum og skúrum, sem ekki eru hærri en 3 metrar frá undirstöðu, má gera grindina úr 8×8 sentim. ($3'' \times 3''$) trjám eð 5×10 sentim. ($2'' \times 4''$) plönkum (eða »battingum«).

f. Í timburveggjum sje samanlögð breidd gluggja- og dyratóttar — mæld á milli stafa — ekki meira en hálf lengd veggjarins, nema byggingarnefnd veiti sjerstakt leyfi til.

g. Nota má máttarviði með öðrum gildleik en til er tekið í þessarl grein, ef samur er styrkleikurinn eða meiri.

21. gr.

1. Trjebitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja sje ekki strjállir en svo,

114 að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sje að meðaltali ekki yfir 0,95 25. ág. metra og hvergi meira en 1,05 metra.

Þar sem milligólf er, skulu trjebitar ekki grennri vera en 16 sentimetrar (6 þuml.) á hæð og 13 sentim. (5 tuml.) á breidd, þegar bitahafið er alt að 3,15 metra, og aukast á hæðina um ekki minna en $\frac{1}{24}$ og á breiddina um $\frac{1}{48}$ af því, sem hafið vex þar fram yfir.

Þar sem ekki er milligólf má styrkleikur bitanna vera $\frac{1}{10}$ minni en nú var ákveðið.

Styrkleikur trjebita telst eftir beinu hlutfalli við breiddina og við hæðina margfaldaða með sjálfri sjer. Þegar hæðin er kölluð h og breiddin b , miðast styrkleikurinn þannig við útkomuna af $h \times h \times b$, sem venjulega er ritað h^3b . Tveir bitar eru því aðeins jafnstærkir á sama hafi, að útkoman af h^3b sje jöfn fyrir báða.

Nota má bita með öðrum gildleik en hjer er ákveðinn, ef styrkleikurinn er samur eða meiri. Þó má hæð bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra, nema því aðeins að bitarnir sjeu skorðaðir hver gegn öðrum með krossskorðum á milli efri og neðri brúnar á víxl, og sjeu skorðurnar ekki grennri en 5×5 sentimetrar ($2'' \times 2''$). Bilið milli skorðanna ákveður byggingarnefnd í hvert sinn.

2. Sjeu húsveggirnir gerðir úr steini eða steypu, skal að minsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gafleggir úr steini eða steypu skulu og bundnir með járnakkerum á 3 metra bili inn í bitalögin; skal hvert gaflakkeri að minsta kosti ná yfir tvo bita og fest í þá báða.

3. Timburgólf skal vera úr plægðum plönkum eða borðum ekki þynnri en 3,2 sentim. ($1\frac{1}{4}$ þuml.).

Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

Í gólfum og loftum íbúðarherbergja skal vera milliloft úr borðum, er fest sje annaðhvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða í nót í hliðar bitanna, enda sje þeir þá að dómi byggingarnefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf. Ofan á borðin koma 3 sentimetra þykt lag af deigulmó, móhellu, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara nje veldur óheilnæmi eða fúa, og sje það þurt, áður en gólfborð eru lögð yfir. Milligólfslagið taki að kalla fast undir gólfborðin.

Í loftum milli íbúðarherbergja í húsum, sem byggð eru aðeins handa einni fjölskyldu, má með samþykki byggingarnefndar sleppa milligólfum. Að öðru leyti getur og byggingarnefnd veitt ívilnanir um milligólf, þegar nægar ástæður þykja fyrir hendi. Þar sem milligólf er undan felt, skal gólf þó vera tvöfalt, annað hvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag eða þetra, sem byggingarnefnd er ásátt með.

22. gr.

114

25. ág.

1. Þök skulu svo gerð að húsveggjum stafi engin hætta af þeim. Útspyrnuáttak þaks má að sem minstu leyti koma niður á veggjunum og aldrei frekar en svo, að sýnilega sje að öllu hættulaust að dómi byggingarnefndar.

2. Sperrur og skambítar mega ekki grennri vera en 10×10 sentimetr. ($4'' \times 4''$), þegar hæð er alt að 3,15 metra. Hæð skal mæla á loftbitunum beint niður undan sperrum og skambítum. Skulu víðir þessir gildna á hvern veg um $\frac{1}{24}$ af því sem hæð vex um fram það sem áður greinir.

Bilið milli sperra, talið af miðju á miðju, má vera alt að 1,25 metra undir mál- og pappabökum á timbursúð, en alt að 0,95 metra undir hellu- og steinþökum.

Nota má máttarviði af öðrum gildleik en í grein þessari er ákveðið, ef styrkleikurinn er samur eða meiri.

3. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki sjeu þynnri en $2\frac{1}{2}$ sentim. ($1''$), og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G. eða annað eldtrygt efni, sem brunamálalög leyfa eða brunamálanefnd tekur gilt. Sje súðin óplægð, skal setja þakpappa utan á hana undir járníð.

4. Gafiveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakviði og studdir af þeim, eftir því sem fyrir er mælt í 19. gr. 2 b, 4. málsg. r.

5. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

23. gr.

Gluggakarmar og útidyra skulu gerðir úr plönkum ekki þynnri en 5 sentimetra ($2''$). Þeir skulu í steinveggjum roðnir karbólini eða öðru efni ekki lakara á þá hlið er veit að steini eða steypu.

Máttarviðir allir bæði í stein- og timburhúsum skulu og varðir á sama hátt, þar sem þeir liggja í eða að steini eða steypu.

24. gr.

Íbúðarherbergi skulu ekki vera lægri undir loft en 2,50 metra, gólfstödur þeirra eigi minni en 6 fermetra og einn veggur að minsta kosti sje útveggur — eða þekja — með glugga á hjörum.

Loft- og kvistherbergi má hafa til íbúðar, þó að hæð þeirra undir loft sje eigi meira en 2,20 metra. Ef herbergið er undir súð, skal hæð þess eigi minni vera en 2,20 metra yfir hálfum gólfleti þess og ekki yfir minna fleti en 6 fermetrum. Þó getur byggingarnefnd leyft loftherbergi með 2,20 metra hæð yfir aðeins 4 fermetra gólfleti í húsum, sem ekki eru yfir 80 fermetra að flatarmáli. Í loft- eða kvistherbergjum má enginn veggur lægri vera undir súð en 1,00 metra.

Í öllum þakherbergjum, sem í er búíð, skal klætt pappa og þiljum eða öðru ekki lakara efni innan á sperrur eins og á útveggi, sjá 20. gr. 1, b, 3. málsg. r. og 19. gr. 2, e. Byggingarnefnd ákveður í hvert skifti, hvort innanfóð-

114 ur á slíkum herbergjum skuli vera óeldfimt eða hvort eldnæm efni megi nota, 25. ág. eftir gerð hússins og notkun.

Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

25. gr.

1. Þar sem ekki er kjallari, skal í íbúðarhúsum vera í minsta lagi 0,30 metra hæð undir neðstu gólfviði frá jörðu, og sje vindauga á undirstöðunni. Ef gróðrarmold er í hússtaðinu skal setja efst lag af mól eða öðrum hreinlegum ofaniburði, ekki þynnra en 10 sentimetra.

2. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema bæði byggingarnefnd og heilbrigðisnefnd leyfi og gluggar viti út að óbygðu svæði eða götu ekki mjórrri en 12,60 metra og alls ekki til norðurs, ef þeir eru á íbúðarherbergi, nema herbergið hafi einnig glugga í aðra átt.

3. Um skipun íbúðarherbergja í kjallara skal gæta þess er hjer segir:

a. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2,50 metra og í minsta lagi helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofan jarðar. Þó má byggingarnefnd leyfa með samþykki heilbrigðisnefndar, að einstakt íbúðarherbergi í kjallara sje aðeins 2,20 metra hátt, ef það fylgir íbúð annarsstaðar í húsinu og gengur ekki meira en 1,00 metra í jörð og er ekki minna en 9 fermetrar að flatarmáli.

b. Glerflötur glugganna ofan jarðar sje eigi minna en nemi $\frac{1}{10}$ af gólfleti herbergisins.

c. Gólf skal gera úr jarðbiki, sementi eða öðru álika vatnsheldu efni og sje trjególf þar ofan á eða annað gólf ekki lakara.

d. Gólfíð sje að mi sta kosti 0,30 metrar fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræslu eftir fyrirmælum byggingarnefndar, svo að jarðvatu nái aldrei upp að gólfinu.

e. Veggina skal verja raka á þann hátt sem fyrir er mælt í 18. gr. 2.

26. gr.

1. Í öllum húsum skal vera greiður gangur úr hverri íbúð og einstökum hlutum hennar að stiga, og báðum, ef tveir eru stigarnir, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarar íbúðar. Og hvergi má vera lengri leið en 25 metrar að stiga. Frá hverjum stiga sje greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

2. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, gerður sem burðarveggur (sbr. 19. gr. 2, h og 20. gr. 2, d), og ekki minna en ein hurð skrálæst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggur, sem stigi úr steini eða steypu er hlaðinn eða steypdur inn í, þannig að veggurinn ber stigan, skal hafa nauðsynlega þykkt til þess og ekki minni en 0,23 metra.

3. Í steinhúsi alt að 150 fermetrum að flatarmáli og timburhúsi alt að 120 fermetrum má leyfa að sje aðeins einn stigi, framstigi 0,80 metra breiður,

ef íbúðarherbergi eru ekki á fleiri gólfum en tveimur, er hvorugt liggi ofar en 4,50 metra yfir meðalhæð jarðveggar við húsið. Í steinhúsi, sem ekki er yfir 75 fermetra að flatarmáli, og timburhúsi ekki yfir 60 fermetra má þó leyfa stiga, sem ekki eru breiðari en 0,75 metra. 114
25. ág.

4. Í stærri húsum og hærri, en talin eru í 3. lið skulu vera að minsta kosti tveir stigar, framstigi ekki mjórri en 0,80 metra og bakstigi ekki mjórri en 0,66 metra.

5. Byggingarnefnd getur leyft að hafa aðeins einn stiga í steinhúsi, sem íbúð hefir ofar en 4,5 metra yfir jörð, ef húsið vegna lóðarþrengsla eða annara ríkra ástæðna er lítið um sig og tveir stigar mundu skerða notarúm hússins að miklum mun. En þá skal stiginn vera að öllu eldtraustur og húsið að öðru leyti ekki eldfimara en ráð er fyrir gert í 16. gr. 3, a.

6. Byggingarnefnd getur krafist þess, að í hverju húsi, sem íbúðarherbergi hefir á fjórum gólfum, sje að minsta kosti einn stigi eldtraustur.

7. Til þess að stigi megi teljast eldtraustur, verður hann að vera gerður úr eldþolnum steini eða járnþentri steinsteypu og eins pallar allir í honum og að, og skal hann vera í stigahúsi, er hafi alla veggir úr steini eða steypu alla leið undir ystu þekju (járn eða hellu) og sjeu hvergi þynnri en 0,185 metra. Á stiga húsveggjum mega aðeins vera nauðsynlegar dyr og gluggar, en engin önnur op.

8. Trjesticar allir skulu hafa steinlímshúð samfelda aftan á baki og neðan á pöllum.

9. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0,70—0,80 metra há, og skal stigunum svo hagað, að nægileg birta og lopt geti komist að þeim.

10. Breidd stiga, sem um ræðir í samþykkt þessari, er gangbreiddin milli veggjar og handriða eða á milli handriða, ef tvö eru.

Ef veggir falla tveim megin að stiga, má ekki mjórri vera á milli þeirra en 0,90 metra.

Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2,00 metra, og skal haga vidd stigagata eftir því. Þó getur byggingarnefnd leyft 1,90 metra ganghæð í stigum í smáum húsum, ef henni virðast ríkar ástæður mæla með.

11. Bæði stigar og inngöngurið skulu svo gerð, að hvert skref í þeim sje 0,60—0,65 metra. Skref í stiga skal talið samanlögð eitt framstig og tvöfaldað uppstig. Framstig er þrepsbreidd lárjett milli brúna, mæld á ganglinu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0,50 metra, þó að stiginn sje breiðari allur en 1,00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep.

Framstig má í framstigum ekki mjórri vera en 0,20 metra; þó getur byggingarnefnd leyft 0,18 metra framstig í stigum, sem ekki eru breiðari en 0,75 metra. Í inngönguriðum má aldrei vera mjórri framstig en 0,20 metra. Í bakstigum má framstig ekki mjórri vera en 0,16 metra.

114

25. ág.

27. gr

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja hæfilega mörg og stór salerni og má ekki setja þau annarsstaðar en þar sem byggingarnefnd samþykkir.

28. gr.

Um reykháfa gilda þær reglur er hjer greinir:

1. Reykháfar skulu hlaðnir rammlega úr tígulsteini og steinlímdir eða gerðir úr sterkri steinsteypu. Skulu hliðar reykháfsins hvervetna vera á þykt að minsta kosti hálfur tígulsteinn eða 0,12 metra, og vidd hans að innanmáli eigi minni en 0,23 metra á hvern veg eða að þvermáli.

2. Þar sem reykháfur gengur gegn um bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring og eins þar sem hann gengur í gegnum þakið, og skal vera að minsta kosti 0,17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna. Ef reykháfurinn er ekki járnklæddur, skal bil þetta vera í minsta lagi 0,22 metra, og skal þá múrað eða steyppt á milli reykháfs og víða. Ekki má þilja reykháfinn utan nje klæða hann borðum nje láta utan um hann veggfóður, sem límt er á lista. Að eins getur byggingarnefnd leyft að láta einfalda fótlista ganga utan um reykháf.

3. Reykháfur skal annaðhvort hlaðinu (steypdur) frá föstum grundvelli eða hvíla á traustri hvelfingu milli tveggja steinveggja, en má alls ekki standa á bitum eða trjególfum. Hvergi má reykháfur hallast meira en 15° frá lóðbeinni línu, nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar og þá með þeim umbúnaði, sem hún segir fyrir um. Reykháf má þó ekki halla framyfir stiga.

4. Reykháfur skal ná að minsta kosti 0,65 metra uppyfir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlíð, ákveður byggingarnefnd í hvert skifti hæðina, er sje þó ekki minni en 1,00 metri upp frá þakinu.

5. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópgöt, jafnvið reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnungjörð.

6. Inn í 0,23 metra víðan reykháf má eigi setja reykpiðu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfunum utan um hverja píðu þannig gerðan, að pípan geti ekki ýst inn í reykháfinn. Reykháfur sje þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hjer var talið.

7. Lunanhúss má sjerstæður reykháfur standa óstuddur á alt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur minst að utanmáli.

8. Ef svo mikill reykur á að fara um reykháf, að við því má búast að ætlun byggingarnefndar, að þar af stafi óþægindi þeim til handa, er nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan, sem nefndin telur nauðsynlegt.

29 gr.

114
25. ág.

Um ofna og eldavjelar skulu þær reglur gilda, er hjer fara á eftir:

1. Ofn eða eldavjel má eigi setja nær timburvegg en svo, að 0,21 m. sje á milli.

2. Pípur frá ofnum og eldavjelum mega ekki koma nær trje en svo, að 0,21 metra sje á milli. Þær skulu liggja inn í reykhauf og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.

3. Eldavjelar má setja á trjególf, ef að minsta kostt 0,11 metra eru frá gólfi upp að botni eldavjelarinnar og á milli tvö lög tígulsteina, hlaðin í bindingu og steinlímð, eða steypugólf jafnþykt, eða gólfíð er þakið járnþynnu eða öðru eldtraustu efni.

4. Ofnar skulu standa á múruðum eða steypum fæti, eða á járnfæti, sem annaðhvort er opinn eða fylltur múr eða steypu. Sje rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið, 0,05 metra frá gólfi að minsta kosti.

5. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfíð fram undan eldstæðinu þakið óeldnæmu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minsta kosti 0,32 metra fram á gólfíð fyrir framan ofninn eða eldavjelina, og ekki minna en 0,21 metra út fyrir ofninn eða eldavjelina til hliðanna og að aftanverðu.

6. Herbergi, sem ætluð eru kötlum til miðstöðvarhitunar, skulu að gólfi og veggjum gerð úr steini eða steypu og lopt þeirra sjeu af sönu gerð, þó má í þess stað hafa trjeloft með steinlímshúð neðan, ef ekki er minna en 1,25 metra frá katlinum að loptinu. Sjerstakt leyfi byggingarnefndar þarf til að setja miðstöðvarhitun í hús.

30. gr.

Sjerstakt leyfi byggingarnefndar þarf til að nota önnur efni en þau, sem gert er ráð fyrir í samþykkt þessari, og skal það að jafnaði veitt, ef reynsla er fyrir því, að hús úr þeim efnum sjeu ekki ótraustari en þau, er hjer er gert ráð fyrir.

Torfbæi eða torfhús má ekki byggja fast að vegi eða götu eða annarstaðar en þar, sem byggingarnefnd til tekur.

31. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10 til 50 króna, og skal sekta bæði smíð og eiganda, er hlut eiga að máli. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað tafarlaust rífa niður það, er fer í bága við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær, er byggingarnefndin setur samkvæmt samþykktinni. Ella skal það rífið á hans kostnað.

114 Sje um brot á 13. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sjerstaks leyfis bygg-
25. ág. ingarnefndar, hafið án þess að leyfið sje fengið, skal lögreglustjóri undir eins og
brotið kemst til vitundar hans banna, að verkum sje haldið áfram, fyrr en feng-
ið er leyfi byggingarnefndar.

Með mál útaf brotum á samþykkt þessari skal farið sem opinber lögreglu-
mál, og skal oddviti byggingarnefndar tafarlaust kæra fyrir lögreglustjóra.

32. gr.

Þær undanþágur, sem byggingarnefnd er heimilað að veita frá ákvæðum
þessarar samþykta, eru því að eins gildar, að þær sjeu samþykta af $\frac{2}{3}$ allra
nefndarmanna.

33. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlast gildi, þarf til þess
umræðu bæjarstjórnar á tveim fundum hennar, samþykki bæjarstjórnar á breyt-
ingunni og staðfesting stjórnarráðsins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir samþykkt,
er hjer með staðfest, samkvæmt 2. gr. laga nr. 26, 9. júlí 1909, til að öðlast gildi
1. janúar 1917.

Í stjórnarráði Íslands, 25. ágúst 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.